

Good fish, bad fish? Meet us at Iceland Fishing Expo and see Maritech Eye - objective, automated quality assessment 



Konráð Olavsson, sölu- og þjónustustjóri Maritech á Íslandi, segir fyrirtækið nú setja nýtt og byltingarkennt tæki á markað sem geti metið gæði fisks með því að sjá inn í hann. Tækið verður kynnt á sýningunni Iceland Fishing Expo/Sjávarútvegur 2022 sem hefst í Laugardalshöll í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Maritech vex og dafnar á Íslandi

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Maritech opnaði útibú á Íslandi fyrir ári og hefur síðan vaxið jafnt og þétt. Þetta gamalreynnda fyrirtæki þróast hratt og kynnir nú nýtt og byltingarkennt tæki sem séð getur inn í fisk til að meta gæði hans á sýningunni Sjávarútvegi 2022. **2**



Með nýrri ljóstækni Maritech er nú hægt að skanna fyrir blóði, ormi, losi, mari, stærð og lögun fiska, segir Konráð Olavsson hjá Maritech.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Fyrir ári síðan opnaði norska hugbúnaðarfyrtækið Maritech útibú á Íslandi, en aðalstöðvar fyrirtækisins eru í Molde í Noregi. Maritech kom sér fyrir í Sjávarklasnum á Grandanum þar sem tengingin við hafið og sjávarútveginn er frábær og síðastliðið ár hefur starfsemin vaxið og dafnað jafnt og þétt og fyrirtækið eignast fjölda nýrra viðskiptavina, ásamt því að ráða til sín nýtt starfsfólk.

Gamalgroíð fyrirtæki í miklum vexti

„Maritech byggir á yfir 45 ára sögu og sinnir þróun hugbúnaðarlausna fyrir fiskiðnaðinn. Fyrirtækið hefur alla tíð einbeitt sér að þjónustu við fiskiðnaðinn og býður lausnir fyrir alla virðisdeðjuna, frá veiðum eða eldi til neytenda,“ segir Konráð Olavsson, sölu- og þjónustustjóri Maritech á Íslandi.

„Aðferðafræði okkar snýst öll um samvinnu og að vinna að nýsköpun saman. Við hjálpumst að og styðjum hvert annað, enda teljum við að vellíðan starfsfólks sé nauðsynlegur grundvöllur fyrir skapandi hugsun og framleiðni.

Í Noregi hefur Maritech markaðsráðandi stöðu og sækir nú á ný mið. Þar ber helst að nefna Ísland, Kanada, Bandaríkin og Síle. Fyrirtækið vex hratt en í dag fara 70 prósent af öllum útfluttum fiski frá Noregi í gegnum lausnir fyrirtækisins,“ greinir Konráð frá.

Hann segir sterka eigendur standa að baki Maritech.

„Það gerir fyrirtækinu kleift að fjárfesta mikið í vörubróun og sókn á nýja markaði. Íslenskur og norskur fiskiðnaður er mjög tæknivæddur og hefur verið að tölvuvæðast í auknum mæli síðustu misseri. Maritech sér því mikla

þörf fyrir hugbúnaðarlausnir sínar á Íslandi.“

Allur hugbúnaður Maritech kominn í skýið

Viðskiptahugbúnaður er í sívaxandi mæli að færast í skýjalausnir og segir Konráð lausnir Maritech þar enga undantekningu.

„Hugbúnaður sem heldur utan um vinnslu, lager, sölu og flutning er allur kominn í skýið, sem er einstaklega þægileg og hagkvæm lausn fyrir iðnaðinn. Skýjalausnir krefjast lágmarks fjárfestingar í búnaði og eru aðgengilegar hvar og hvenær sem er í gegnum netvafra. Við nýtum alltaf nýjustu tækni og það besta sem völ er á, hvort sem það snýr að virkni eða notagildi fyrir viðskiptavinum,“ segir Konráð.

„Skýjalausnir Maritech eru byggðar á Microsoft Azure-þjónustunni, sem hámarkar möguleika og sveigjanleika okkar, sem og öryggi fyrir viðskiptavinum.“

Byltingarkennt tæki með nýrri tækni

Á sýningunni Iceland Fishing Expo/Sjávarútvegi 2022 ætlað Maritech að kynna Maritech Eye™, nýtt tæki sem hefur um árabíl verið í þróun með Nofima (Norwegian Institute of Food, Fisheries and Aquaculture Research), Lerøy og NEO/HySpex.

„Útkoman er tæki sem nýtir nýja ljóstækni (Spectral Light) til að sjá inn í fisk til að meta gæði hans. Maritech Eye™ er eina tækið sem Maritech býður upp á, þar sem það hefur einbeitt sér að hugbúnaðarþróun til þessa. Talsverð þróun er í gangi þegar kemur að nýtingu á þessari nýju ljóstækni og í dag er Maritech að skanna fyrir blóði, ormi, losi, mari, lögun, stærð,



Maritech Eye™ gerir fyrirtækjum kleift að nýta auðlindir sínar betur.

MYND/ADSEND

Þessi lausn er sú eina sinnar tegundar í heiminum og er sannkölluð bylting.

tegun og nýjasta viðbótin er að skanna vatnsinnihald og lit í saltfiski,“ útskýrir Konráð.

„Tækið er í notkun víðs vegar í heiminum, meðal annars hjá Mowi í Bretlandi, og prófanir eru fyrirhugaðar á Íslandi á árinu hjá nokkrum af stærstu framleiðendum landsins. Maritech Eye™ getur séð gæðin innan í fiskinum með meiri nákvæmni og margfalt meiri hraða en manneskja. Þetta er mögulegt með því að nýta þessa ádurnefndu ljóstækni, flókin algrím og sautján ár af vísindalegum rannsóknum,“ segir Konráð. „Þessi lausn er sú eina sinnar tegundar í heiminum og er sannkölluð bylting.“

Meiri skilvirkni, samkeppnishæfni og sjálfbærni

Maritech Eye™ gerir fyrirtækjum kleift að nýta auðlindir sínar betur og auka tekjur sínar með því að

gera gæðaeftirlit, skráningu og flokkun sjálfvirka.

„Með vandaðri skönnun er auðvelt að nýta bestu afurðirnar í verðmætustu vörurnar og nýta aðrar afurðir á sem skilvirkastan máta,“ útskýrir Konráð. „Þar sem skönnunin fer fram á iðnaðarhraða er um leið hægt að minnka eða endurskipuleggja handavinnu og þannig auka skilvirkni í framleiðslu.“

Konráð heldur áfram:

„Með því að fá hlutlausu greiningu og skráningu á gæðum vörunnar eykst líka samkeppnishæfni framleiðsluaðila því þeir geta sýnt fram á gæðin með skýrum og afgerandi hætti,“ segir Konráð og bætir við:

„Þar sem Maritech Eye™ skannar fiskinn snemma í framleiðsluferlinu eykst einnig sjálfbærni framleiðsluferlisins með því að minnka sóun og auka framleiðni.“ ■

Maritech Eye™ getur séð gæðin innan í fiskinum með meiri nákvæmni og margfalt meiri hraða en manneskja.



Crocus sativus er blóm, og eru þræðir úr blóm-unum þurrkaðir og notaðir til að búa til saffran-krydd, litarefni og jafnvel í lyfja-framleiðslu.

Sigraðu þyngsli skammdegisins og farðu brosandinn inn í veturinn

Elsa Stefánsdóttir sjúkraþjálfari og móðir hefur verið að nota Saffrox með einstökum árangri og mælir með fyrir alla, sérstaklega núna þegar kólna fer.

Á þessum árstíma, þegar sumarið kveður okkur og haustið gengur í garð með tilheyrandi veðurfarsbreytingum og minni birtuskilyrðum, er algengt að einstaklingar finni fyrir nokkurs konar breytingum á líkamsstarfsemi og líðan. Þetta er yfirleitt sá tími þegar nóg er um að vera, skólarnir og vinnan að byrja aftur eftir sumarfrí og mikið að gera.

Minnkandi dagsbirta getur valdið truflun á líkamsklukku hjá mörgum sem getur haft þau áhrif að líðan breytist. Sumir finna fyrir minni orku, þirringi, áhugaleysi, svefnerfiðleikum, einbeitingarskort og jafnvel breytingum á matarlyst og almennri líðan. Með þessum breytingum er mikilvægt að huga vel að heilsunni og meðal annars getur verið góður kostur að innbyrða valin bætiefni sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir slíka kvilla.

Taktu fagnandi á móti deginum með Saffrox

Saffrox er 100 prósent náttúrulegt efni sem getur haft mikil og jákvæð áhrif á geðslag. Saffrox inniheldur 28 mg af virka innihaldsefninu saffroni í hverjum skammti sem er úrdráttur úr saffran sem og inniheldur einnig virkt form fólínsýru sem styður við framleiðslu serótóníns, noradrenalíns og dópamíns. Saffrox inniheldur jafnframt öflugt form magnesíum (Magnox™) sem stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins. „Vikurnar áður en ég byrjaði að taka Saffrox fann ég fyrir mikilli



Saffran er dýrasta kryddið í heimi og hefur lengi verið notað í hin ýmsu bætiefni vegna heilsuefandi eiginleika þess.

MYNDIR/ADSENDAR



Saffrox inniheldur 28mg af virka innihaldsefninu úr saffran-jurtinni, valin vítamín og steinefni.

mannlíkamann, B6-vítamín og B12-vítamín sem stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins.

Finnur gríðarlegan mun á almennri líðan

„Vikurnar áður en ég byrjaði að taka Saffrox fann ég fyrir mikilli

streitu, amstur hversdagsleikans var svolítið að hafa áhrif á mig. Ég vinn á Landspítalanum og var við vinnu þegar Covid var upp á sitt versta, sem var heldur mikið álag. Ég á einnig tvö börn sem þarf að annast svo það er alltaf nóg að gera en ég var farin að finna fyrir svefnörðugleikum. Ég hafði heyrt um Saffrox og ákvað að prófa, eitt hylki á kvöldin áður en ég fór að sofa og ég fann nánast strax mun á mér.

Ég fann að ég var í raun léttari á mér, ég átti mun auðveldara með að slaka á og þá sérstaklega á kvöldin. Ég byrjaði í kjölfarið að sofa betur, sem setti af stað hálfgerða keðjuverkun þar sem ég náði að slaka á og hvíla mig almennilega. Þá fann ég fyrir gríðarlegum mun á skapinu, þar varð miklu meira jafnvægi. Í dag á ég auðveldara með að finna hugarró, er að jafnaði í betra skapi og almennt glaðari,“ segir Elsa sem mælir með Saffrox-hylkjunum fyrir alla, sérstaklega núna þegar við erum að skríða inn í veturinn og myrkrið sem því fylgir.



Eftir að Elsa Stefánsdóttir fór að taka inn Saffrox fann hún fljótt fyrir miklum mun á sér. Hún varð léttari á sér, svaf betur og náði að hvílast almennilega.

Í dag á ég auðveldara með að finna hugarró, ég er jafnt yfir í betra skapi og almennt glaðari.

Elsa Stefánsdóttir

Dýrasta kryddið í heimi

Saffran, sem er helsta innihaldsefnið í Saffrox, á sér langa sögu sem lækningajurt í indverskum lífvísindum en það er lágvaxin planta af ættkvísl krókusa. Flestir þekkja saffran sem krydd eða litarefni en það er jafnframt dýrasta kryddið í heimi sökum þess hversu erfitt getur verið að safna fræinu úr plöntunni. Saffran er einnig mikið notað í hin ýmsu bætiefni sem hafa heilsusamleg áhrif á líkamsstarfsemi okkar. ■

Glóandi og stinnari húð og með sterkari neglur

Snyrti- og förðunarfræðingurinn Marianna Pálsdóttir byrjaði að nota Húð, hár og neglur frá ICEHERBS fyrir ári og hefur tekið eftir miklum jákvæðum áhrifum. Hún segir þetta frábæra viðbót við að sjá vel um heilsuna og finnst gott að geta stutt íslenska framleiðslu.

„Ég tek Húð, hár og neglur frá ICEHERBS því ég hugsa mikið um heilsuna og mér finnst mikilvægt að halda húðinni, hárinu og nöglunum heilbrigðum og í besta mögulega ástandi,“ segir Marianna Pálsdóttir snyrti- og förðunarfræðingur. „Ég hef notað þetta markvisst í heilt ár og finn mikinn mun.“

Mér finnst þetta frábær viðbót við annað sem ég geri fyrir heilsuna, en hjá mér snýst þetta um heildræna nálgun,“ segir Marianna. „Það þarf að drekka mikið vatn, hreyfa sig og hugsa um andlega heilsu til að halda heilbrigði og líta sem best út og mér finnst vítamín og fæðubótarefni ofboðslega góð viðbót við allt annað sem ég geri.“

Gott að styðja íslenska framleiðslu

„Ég hef mikinn áhuga á vítamín- og fæðubótarefnum og stoppa alltaf við vítamínrekkann úti í búð til að skoða það sem er í boði. Það var þannig sem ég fann Húð, hár og neglur,“ segir Marianna. „Það vakti athygli mína að þetta



er 100% íslensk vara og mér finnst mjög gott og mikilvægt að styðja við allt sem er framleitt hérna á Íslandi.

Ég tek öllu svona með fyrirvara og er aldrei með sérstakar væntingar þegar ég prófa eitthvað nýtt, en ef ég finn að hlutirnir virka er ekki aftur snúið,“ segir Marianna. „Þá held ég bara áfram, til hvers að hætta eða breyta því sem er gott og virkar?“

Hefur fundið mikinn mun

„Eftir að ég byrjaði að nota þessa vöru hef ég tekið eftir því að neglurnar eru sterkari og mér finnst húðin hafa aukinn stinn-

leika og vera meira glóandi. Ég myndi því 100% mæla með Húð, hár og neglur frá ICEHERBS,“ segir Marianna.

„Ég mæli almennt með því að fólk taki vítamín og fæðubótarefni og mér finnst mjög fallegt þegar fólk ákveður að kaupa íslenska framleiðslu, því þá þekkirðu framleiðsluferlið og veist hvað þú ert að taka.“

Ég hef líka notað Túrmerik frá ICEHERBS, en ég hef átt það til að bóligna í liðum og finn hvernig það hjálpar við að losa bólgu, enda er það öflugt andoxunarefni,“ segir Marianna. „Ég finn mikinn mun ef ég er dugleg að taka það.“

Marianna Pálsdóttir, snyrti- og förðunarfræðingur, er mjög ánægð með Húð, hár og neglur frá ICEHERBS.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Hrein náttúruafurð

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögd er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýtist viðskiptavinum vel, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögd á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og vörurnar eru framleiddar hér á landi. ■

Húð, hár & neglur frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruslunum, stórvörumörkuðum og einnig í vefverslun ICEHERBS, sem sendir heim að dyrum. Sjá nánar á iceherbs.is.



Húð, hár og neglur er öflug og náttúruleg þarablanda úr tveimur íslenskum sæþörungum.

Hreyfing lykilatriði fyrir lamaða

Arnar Helgi Lárússon hefur stundað hjólreiðar á handknúnu hjóli frá árinu 2018 en keppti fyrir það í hjólastólakappreiðum. Hann segir mikið úrval til af handhjóllum, bæði fyrir keppnisfólk og aðra.

sandragudrun@frettabladid.is

Arnar lamaðist í slysi fyrir tuttugu árum og hefur síðan notað hjólastól. Hann fór að stunda hjólastólakappreiðar á sérstökum hjólastólum árið 2012 en var svo óheppinn að lærleggubrotna á æfingu og skipti þá yfir í handhjólræiðarnar.

„Ég ætlaði bara að nota handknúð hjól til að æfa mig þar til ég gæti farið að keppa aftur á hjólastól. En ég á bara svo erfitt með að sitja í keppnisstólum eftir lærbrotið því ég get illa beygt fótinn, þannig að ég hef haldið mig við handknúna hjólið. Kosturinn við það er að þú getur verið með beina fótleggi þegar þú hjólar,“ útskýrir Arnar Helgi, en tekur fram að handhjólræiðar séu ekki bara fyrir keppnisfólk.

„Það eru til alls konar handknúin hjól, fjallahjól, racer og götuhjól. Þau koma líka sem rafhjól svo þess vegna þarf ekki að vera eitthvað sérstaklega sterkur til að hjóla á handhjóli. Nánast allir sem hafa mátt í höndunum geta notað þau. Það þarf bara að stilla gíra og velja hjól sem er við hæfi hvers og eins. Það getur verið þínu flókið að byrja. Þess vegna keyptum við í SEM nokkur hjól svo fólk geti prófað. Þá þarf það ekki að kaupa sér dýrt hjól án þess að vita hvað þú er að fara út í,“ segir hann en SEM eru Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra þar sem Arnar Helgi er formaður.



„SEM samtökin söfnuðu fyrir fjórum hjólum í fyrra. Þá hjólaði ég 400 kílómetra á einum sólarhring og við söfnuðum fjármagni. Ég ætla ekki að segja að það sé auðveldara að nota handknúin hjól en að yta sér áfram í hjólastól. En handknúin hjól henta samt að mörgu leyti betur fyrir okkur sem höfum orðið fyrir mænuskaða. Það er til dæmis auðveldara að yta sér áfram í rigningu á þeim, þú þarft ekki að nota hanska. Það er betra grip á handknúna hjólunum og þau eru með gíra svo ef það kemur brekka geturðu bara gírað niður. Það eru mikið fleiri möguleikar á handknúna hjólunum sem auðvelda þér að fara ferða þína.“

Mælir með rafhjólum

Arnar Helgi segist mæla sérstaklega með handknúnum rafhjólum. „Þau eru eins og venjuleg rafhjól að öðru leyti en að þau eru knúin

áfram með höndunum. Það eru líka stillimöguleikar á þeim, líkt og á hefðbundnum rafhjólum, sem veita mismikla aðstoð þegar hjólað er. Til dæmis ef þú ert að hjóla í 30 mínútur og ert orðinn þreyttur þá bara bætirðu við kraftinn á mótörnum og getur klárað túrinn án þess að finna fyrir því,“ útskýrir hann.

„Rafhjólin eru líka sniðug ef margir fara út að hjóla saman. Til dæmis tveir sterkir og tveir sem eru ekki eins sterkir. Þá er einfaldlega hægt að lækka rafmagnið hjá þessum sterku og auka það hjá hinum og þá eru allir að hjóla á sama hraða. Enginn er skilinn eftir og við getum notið þess að fara saman upp brekkur og út um allt.“

Arnar segir að eini gallinn við handhjólin sé að þau eru mjög dýr.

„Ef flott fulldempað rafhjól kostar eina milljón má reikna með að sambærilegt handknúð rafhjól

En handknúin hjól henta samt að mörgu leyti betur fyrir okkur sem höfum orðið fyrir mænuskaða.

Arnar Helgi Lárússon

kostar þrjár til fjórar milljónir. En þetta er hverrar krónu virði bara út af hreyfingunni. Mér finnst alveg nauðsynlegt eftir endurhæfinguna að þú viðhaldir einhverri hreyfingu, að þú ögrir líkamanum. Þó það sé mikil fötlun að lenda í slysi og lamast kannski við brjóst

Arnar Helgi á handhjólinu ásamt konunni sinni Sóleyju Báru Garðarsdóttur.

MYND/ADSEND

og geta ekkert hreyft þig þar fyrir neðan, og þú ert kannski 70-80 kíló, þá er enn meiri fötlun ef þú bætir á þig 70-80 kílóum í viðbót vegna hreyfingarleysis. Þá geturðu ekki bjargað þér auðveldlega sjálfur. Það þarf svolítið að halda spilunum að fólki sem er nýslasað. Það eru ekkert allir með hugann við það að fara að taka sig á þegar þeir lenda í þeim aðstæðum. Það þarf að yta á fólk til að koma því af stað.“

Meira framboð af hreyfingu

Arnar Helgi segir að framboðið af hreyfingu fyrir fólk sem hefur orðið fyrir mænuskaða sé mun betra núna en fyrir 20 árum.

„Þá var kannski það eina sem var í boði sund og bordtennis. En fjölbreytileikinn er að aukast. Núna er til dæmis fullt af fólki að koma og prófa handknúna hjólin og jafnvel kaupa sér hjól þó að þau séu dýr, það er hægt að safna og reyna að fá styrki og ýmislegt til að auðvelda kaupin,“ segir hann.

Fyrstu fimm árin eftir að Arnar Helgi slasaðist segist hann ekki hafa einblínt sérstaklega á hreyfingu. En svo allt í einu áttaði hann sig á því að hann var kominn með bumbu.

„Þannig að ég hugsaði: Hvernig á ég að fara að því að losna við bumbuna? Ég er núna búinn að æfa í 15 ár en ég get ekki brennt bumbunni, það eru engir vöðvar til að brenna henni. En ég hef náð því að þyngjast ekki aftur og hef byggt upp vöðva með því að vera sífellt að hreyfa mig. Ég er á því að fólk eigi að byrja að byggja sig upp strax eftir slysi, því það er erfiðara fyrir okkur en aðra að ná því af okkur sem við bætum á okkur. Ef það er einhvern tímann mikilvægt að þú hreyfir þig þá er það þegar hreyfigetan er ekki í lagi.“ ■